



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28.2.2023
Tilvísun: M202302-0091

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking) – 645. mál, 153. löggjafarþing

Alþýðusamband Íslands vill með umsögn þessari ítreka þau sjónarmið sem fram komu í umsögn um málið er það var í samráðsgátt stjórnvalda (sjá meðf.)

Hvað þær breytingar sem urðu á málinu frá því sem þar var kynnt þá er ánægjulegt að sjónarmið ASÍ hafi þar haft áhrif. ASÍ hefur lengi kallað eftir því að málaflokkurinn um atvinnuréttindi útlendinga í heild sinni fái heildarendurskoðun. Er það ákall síður en svo til þess að draga úr tækifærum og möguleikum einstaklinga til að setjast hér, heldur til að tryggja þau meginsjónarmið sem ASÍ og stéttarfélögin starfa eftir, þ.e. að allir eigi rétt á góðri atvinnu þar sem fólk njóti jafnræðis til kaupa og kjara óháð þjóðerni, bakgrunni o.s.frv. Þær áhyggjur sem viðraðar voru um að fjarlægja samráðsskylduna/umsagnarréttinn án þess að hlutirnir og regluverkið væri skoðað í víðara samhengi voru/eru að mati ASÍ réttmætar.

Hvað varðar þá breytingu sem um er fjallað í frumvarpinu eftir að það kom inn á þing eru að mati ASÍ það afmarkaðar að ASÍ styður að frumvarpið í núverandi mynd verði að lögum.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson

Sviðsstjóri lögfræði- vinnumarkaðssviðs

halldoro@asi.is / 5355600



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík 8.11.2022
Tilvísun: M202211-0269

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2022, (sérhæfð þekking) – Samráðsgátt mál nr. 205/2022

I.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur tekið frumvarpsdrög þessi til umsagnar og gerir athugasemdir við það verklag sem viðhaft var í ráðuneytinu við frumvarpsvinnuna. Þá gerir ASÍ jafnframt athugasemd við skort ráðuneytisins á ábyrgri heildarsýn og forgangsröðum þegar kemur að atvinnuréttindum útlendinga sbr. lög nr. 97/2002.

II.

Hvað varðar verklagið við smíð frumvarpsins þá lýsir ASÍ yfir furðu sinni með það hversu lítið raunverulegt samráð var haft um málið í ljósi þess að í því er að finna grundvallarbreytingu á þeirri samráðsskyldu sem hefur verið til staðar við hlutaðeigandi stéttarfélög þegar kemur að veitingu atvinnuleyfa. Berskjölduðustu umbjóðendur stéttarfélaga hér á landi, og í raun um heim allan, eru þeir einstaklingar sem starfa á takmörkuðu atvinnuleyfi. Alvarleg réttindabrot, launþjófnaður og jafnvel mansal er því miður alltof algengt á meðal þess hóps sem um ræðir. Einstaklingar sem koma að starfa hér á landi á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis eru mjög háðir sínum atvinnurekanda sem oft og tíðum sér þeim líka fyrir húsnæði. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina hér um bil ein axlað ábyrgð á því að koma í veg fyrir réttindabrot og mansal á íslenskum vinnumarkaði og eini snertiflöturinn sem næst við þá einstaklinga sem líklegastir eru til að lenda í slíkum hremmingum, hefur verið í gegnum vitneskju og/eða persónuleg tengsl sem orðið hefur til í tengslum við samráðsskylduna/umsagnarréttinn. Því telur ASÍ óneitanlega sérkennilegt þegar stjórnvöld stíga fram eftir hér um bil ekkert samráð á vinnslustigi málsins við verkalýðshreyfinguna eða aðra haghafa er láta sig mannréttindi og hag útlendinga á íslenskum vinnumarkaði varða og ætla sér að breyta samráðsskyldu í samráðsheimild. Í því litla óformlega samráði sem þó var viðhaft lýsti ASÍ sig vel reiðubúið að taka þátt í að liðka fyrir breyttu verklagi sem tæki mið af ólíkri stöðu einstaklinga sem hér óska eftir að fá atvinnuleyfi en engu að síður virðist ráðuneytið ætla að keyra málið í gegn án nokkurra raunverulegrar viðleitni til að ná sátt um málið og/eða skoða það í stærra samhengi.

ASÍ vekur jafnframt athygli á því að í núgildandi lögum þar sem fjallað er um samráðsskyldu við stéttarfélög í tengslum við veitingu atvinnuleyfis, þ.e. b-liður 1. mgr. 7. gr., er nú þegar



undanþáguheimild frá almennu reglunni sé um að ræða starfsgreinar sem eru að mestu eða öllu leyti óskipulagðar svo að ekki sé fyrir að finna stéttarfélög eða eiginleg samtök. ASÍ telur að undir umrædda undanþáguheimild sé hægt að heimfæra flest þeirra starfa sem skilja má af lestri frumvarpsins að því sé sérstaklega beint að, þ.e. sérhæfðum hátæknistörfum. Færa megi því rök fyrir því að vel sé hægt að ná markmiðum frumvarpsins án þess að eiga við samráðsskylduna sem er sérstaklega mikilvæg þegar atvinnuleyfin snúast um störf sem eiga heima undir kjarasamningssvið aðildarfélaga ASÍ.

Hvað önnur efnisatriði frumvarpsins varðar þá telur ASÍ þau að mestu leyti vera jákvæð. ASÍ styður það markmið að einfalda og skýra þá ferla sem eiga við um atvinnuréttindi útlendinga en telur að vel sé hægt að gera það án þess að lögð sé til grundvallarbreyting á samráðsskyldunni við stéttarfélög sem líkt og tiltekið hefur verið er eini aðilinn sem raunverulega gætir réttinda einstaklinga úti á vinnumarkaðnum.

III.

ASÍ vill gjarnan nota tækifærið nú til þess að varpa ljósi á málaflokkinn um atvinnuréttindi útlendinga í heild sinni. Að mati ASÍ eru það mikil vonbrigði að ekki sé horft heildstætt á málaflokkinn og það rýnt og endurskoðað sem nauðsynlegt er að gera í ljósi allra þeirra gríðarlegu breytinga sem átt hafa sér stað á íslenskum vinnumarkaði undanfarin 20 ár til viðbótar við þá breyttu samfélagsgerð og heimsmynd sem blasir nú við og ekki er útséð að hægja muni á þeim breytingum á komandi árum. Er hér átt við vanda sem er tilkominn vegna aukinnar efnahagslegrar misskiptingar í heiminum, stríðsátaka og hnattrænnar hlýnunar.

ASÍ vekur athygli á og lýsir vonbrigðum sínum með að stjórnsýslulegri einföldun og réttarbót fyrir útlendinga með sérhæfða þekkingu virðist vera gert hærra undir höfði en sjálfsgögðum réttarbótum fyrir útlendinga í annarri stöðu. Er hér átt við að í stað þess að þau atriði er varða breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga séu sett fram í einu heildstæðu frumvarpi eins og ASÍ telur eðlilegt, er sjálfsgögð réttarbót útlendinga sem hér hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna eða sérstakra tengsla við landið, sbr. 74. og 78. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga haldið frá í sér máli. Umræddir einstaklingar dvelja hér á landi til lengri tíma og fá með tíð og tíma ótímabundið dvalarleyfi og jafnvel ríkisborgararétt en engu að síður er þeim gert að vera í einhvers konar jaðarstöðu á vinnumarkaði. Jaðarstöðu sem felst í því að þrátt fyrir að hafa hér nokkuð öruggt dvalarleyfi þá er atvinnuleyfið takmarkað við tiltekinn atvinnurekanda og umræddir einstaklingar eiga því t.d. ekki rétt til atvinnuleysisbóta. ASÍ harmar því sérstaklega að þær breytingar sem eru á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar og í stjórnarsáttmála er varða atvinnuréttindi útlendinga sé ekki fjallað um í sama máli. Því miður sé þess í stað, réttarbót og einföldun til hagsbóta fyrir útlendinga sem eru ekki með „sérhæfða þekkingu“ að mati ráðuneytisins, látið hanga við vafasamt og mjög umdeilt frumvarp til breytingar á lögum nr. 80/2016 um útlendinga (382. mál yfirstandandi þings) án þess að fyrir því séu neinar rökrænar ástæður. ASÍ harmar þessa forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og skorar á ráðherra vinnumarkaðsmála að standa betur með berskjaldaðasta hópnum á íslenskum vinnumarkaði í dag.

IV.

Með vísan í framangreind sjónarmið skorar ASÍ á ráðuneytið að endurskoða efni frumvarpsins, skoða málaflokkinn heildstætt og eiga raunverulegt samráð við verkalýðshreyfinguna.



Alþýðusamband Íslands

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Halldór Oddsson'.

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / 5355600

